

# Manngerð fálkahreiður

Áfangaskýrsla til Vegagerðarinnar í mars 2022



Aðalsteinn Örn Snæþórsson



Fálkasetur Íslands  
[www.falkasetur.is](http://www.falkasetur.is)

## Inngangur

Fálkar eru faliðaðir á Íslandi og viðkvæmir fyrir hvers kyns truflun á varpstöðvum. Þeir helga sér varpóðul en innan hvers óðals geta verið nokkrir hreiðurstaðir. Fjöldi hentugra hreiðurstaða innan hvers óðals er takmarkaður og á sumum óðulum er skortur á góðum hreiðurstöðum sem getur haft áhrif á varpafkomu. Hreiðurstaðirnir eru ýmist grasigrónar syllur í klettum eða hrafnslaupar. Hrafnslaupar eru mjög hentugir hreiðurstaðir fyrir fálka en þeir endast alla jafna ekki mjög lengi. Í Þingeyjarsýslum hefur hröfnum farið fækkandi og þar með hefur dregið úr fjölda laupa sem standa fálkum til boða á vorin.

Fálkasetur Íslands hlaut styrk úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar árið 2021 fyrir verkefnið Manngerð fálkahreiður. Markmið verkefnisins er að hanna og byggja hreiðurstaði á fálkaóðulum í Þingeyjarsýslum og fylgjast með nýtingu þeirra. Tilgangurinn er að fjölga varpstöðum innan fálkaóðala í Þingeyjarsýslum sem skortir góða varpstaði. Eftirlit með hvernig til tekst gefur góðar upplýsingar um hvort og hve vel manngerð fálkahreiður nýtast fyrir fálkann. Þessar upplýsingar má svo nota til hliðsjónar ef farið verður í byggingu fálkahreiðra til að bæta fyrir hreiður sem skemmast eða verða óhentug vegna framkvæmda mannsins.

Gert var ráð fyrir að byggja þrjú hreiður. Þau yrðu sett upp vel fyrir varptíma að vori og við hvert þeirra sett eftirlitsmyndavél (e. *trail camera*). Áætlað var að byggja 1-2 hreiður fyrir varptíma árið 2021 og svo hin sem eftir eru fyrir varptímamann 2022. Með þessu ætti að vera hægt að fylgjast með hverju hreiðri yfir 2 eða 3 varptíma.

## Framkvæmd ársins 2021

Ekki tókst að byggja hreiður vorið 2021 vegna tímaskorts og aðstæðna við varpstaði. Undirbúningur varps hjá fálkanum byrjar í lok mars á því að parið velur sér hreiðurstað. Hreiðrin hefðu því þurft að vera komin upp fyrir þann tíma og helst talsvert fyrr þannig að fuglarnir gætu vanist nýja hreiðrinu og litið á það sem fýsilegan kost. Öll hreiðrin þrjú voru því byggð haustið 2021 og eru klár fyrir varptíma ársins 2022. Hreiðrin eru í S-Þingeyjarsýslu og staðsett þar sem hrafnslaupar höfðu áður verið. Byggðar voru syllur úr vatnsheldum viði og gróðurtorfur settar ofan á. Mótuð var laut í miðja torfuna sem var einangruð með grasi og ull. Við alla staðina voru myndavélar settar á sérstakar festingar. Allt efni var sniðið til á staðnum og fest í bergið með múrboltum.

Þó verkefnið sé rétt hafið þá hefur þegar orðið nokkur lærdómur og sá mikilvægasti snýr að tímasetningu hreiðurbyggingar. Það er skynsamlegast að byggja hreiðrin seinnipart sumars eða að hausti, eftir að varp fálka er lokið og fyrir því eru nokkrar ástæður. Til byggingar hreiðra þarf nokkurt efni og talsverðan búnað og því er best að reyna að velja þeim stað nærri vegi eða slóða til að spara burð og tíma. Slóðar um heiðarlönd Þingeyjarsýslna eru hins vegar oftast ófærir seinnipart vetrar en vel færir jeppum á haustin. Til að byggja hreiðrin þarf ýmist að síga niður bjarg eða nota stiga. Slíkt er hættuminna á haustin því á veturnum getur snjór og klaki skapað erfiðar aðstæður. Á veturna getur líka verið snúið að ná í ófrosnar gróðurtorfur til að móta hreiðurskálina á pallinum auk þess sem torfur sem settar eru að hausti hafa meiri tíma til að setjast til og jafnast fyrir varptíma næsta vor. Að lokum hafa fálkar meiri tíma til að skoða og venjast þessari nýjung í umhverfi sínu ef byggt er að hausti og þar með verða líkur á að þeir velji staðinn til varps meiri.

Vinnan við hreiðurgerð tókst með ágætum og verður sagt frá hverju hreiðri fyrir sig hér á eftir en staðsetningu hreiðra verður haldið leyndu til verndar fálkanum.

### Hreiður 1

Hreiður 1 var byggt 21. október 2021 en festing fyrir myndavél sett 12. nóvember 2021. Hreiðrið snýr til suðvesturs og er vel skýlt fyrir veðri og vindum þar sem kletturinn slútir inn undir sig. Hægt er að



klifra að hreiðrinu en ekki var hægt að athafna sig við hreiðurbyggingu án sigbúnaðar. Hægt verður að þjónusta myndavél án sigbúnaðar.



### *Hreiður 2*

Hreiður 2 var byggt 21. október 2021 og myndavél sett upp 12. nóvember 2021. Það snýr til austsuðausturs, er í litlum skúta og því vel skýlt fyrir veðri og vindum. Nota þarf sigbúnað til að komast í hreiðrið en gott að athafna sig á litlum stalli neðan hreiðursins þegar niður er komið. Ókostur þessa hreiðurstaðar er að nota þarf sigbúnað til að þjónusta myndavélina. Við uppsetning myndavélarinnar sást ummerki eftir fálka í hreiðursyllunni, bæði skítur og æla sem boðar gott.





### Hreiður 3

Hreiður 3 var sett upp 22. nóvember 2021 og var myndavél sett upp samhliða. Það er nokkuð skýlt en snýr til vesturs og ekki eins vel við sól eins og hin hreiðrin. Almenn er heppilegast að fálkahreiður snúi til suðlægrar áttar hér í Þingeyjarsýslum til að fá yl frá sólinni og skjól frá norðlægum áttum sem eru kaldari og úrkomusamari en suðlægar áttir. Hægt var að nota stiga við hreiðurbygginguna en þar sem undirstaða stigans var ekki trygg var einnig notuð öryggislína. Það ætti að vera hægt að gera örugga undirstöðu fyrir stiga neðan hreiðursyllunnar þannig að aðeins þurfi stiga til að sinna myndavélinni.



### Framhald

Myndavélarnar verða yfirfarnar eða nýjar settar nú um mánaðarmót mars/apríl þegar undirbúningur varps fálkans er að hefjast hefst. Í Myndavélarnar verða með SIM kort og því er hægt að fá myndir úr þeim sendar í gegn um farsímakerfið. Þannig má fylgjast með hvort varp á sér stað og eins stöðu rafhlaðna. Á þeim stöðum sem varp á sér stað verður skipt um rafhlöður eftir þörfum en reynt að öðrum kosti að takmarka allar heimsóknir að hreiðrum. Myndavélar verða svo teknar niður í lok sumars og farið yfir myndirnar. Sama verklag verður viðhaft árið 2023. Þannig fást upplýsingar um 3 manngerð fálkahreiður í 2 ár og að því loknu verður árangur metinn.

## Fyrirvari

Höfundar bera ábyrgð á innihaldi þessarar skýrslu. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.